

**75. stjórnarfundur – símafundur haldinn 5. mars 2014.**

Mætt: Hjalti Þór Vignisson, Böðvar Pétursson, Björn Ármann Ólafsson, Reynir Arnarson, Eygló Kristjánsdóttir, Rósa Björk Halldórsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Snorri Ingimarsson og einnig Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Fundur hófst kl. 12:10

**1. Samþykki dagskrár**

- Dagskrá samþykkt

**2. Atvinnustefnan**

Í ljósi þess að þörf er á ákvæði í lögum þjóðgarðsins um hvernig standa skal að vali á milli aðila sem óska eftir aðstöðu innan þjóðgarðsins fyrir rekstur sinn, er lagabreyting nauðsynleg, ekki síst vegna mögulegra forgangsréttarsamninga. Æskilegast er að sú lagabreyting fari fram samhliða öðrum breytingum á lögum þjóðgarðsins, það getur fyrst orðið á haustþingi og því ekki hjá því komist að bíða með að taka upp atvinnustefnu þjóðgarðsins þar til sú lagabreyting hefur verið gerð og tæki væntanlega gildi frá og með nýju ári.

- Samþykkt að starfsfólk og svæðisráð kynni efni atvinnustefnunnar fyrir lykilaðilum í ferðapjónustu og undirbúi innleiðingu hennar, þrátt fyrir að lögum hafi ekki verið breytt.

**3. Framkvæmdaáætlun 2014**

Framlag til framkvæmda í Fjárlögum þessa árs er alls 94,7 m.kr., sem er um 80 m.kr. lægra en framlagið til framkvæmda var á síðasta ári. Þjóðgarðurinn sendi í janúar inn fjórar umsóknir til Framkvæmdasjóðs ferðamannaáætlunar og er beðið niðurstöðu. Á síðasta stjórnarfundum var ákveðið að áherslan í framkvæmdum þessa árs muni fyrst og fremst miðast við að ljúka þeim framkvæmdum sem þegar eru í gangi og þeim sem þegar hefur verið ákveðið að ráðast í.

- Stjórn staðfestir fyrri samþykkt.

**4. Gjaldtaka af ferðamönnum**

Kynnt gróft staða þess verkefnis, sem eingöngu snýr að hugmyndum um náttúrupassa. Beðið er niðurstöðu þeirrar vinnu.

- Þegar hugmyndir munu liggja fyrir þá verði þær greindar og mun stjórn þá fjalla um málið í kjölfarið, en áréttar sjónarmið sín um mikilvægi þess að horfa heildrænt á skattlagningu á ferðapjónustu svo og hvernig tekjum ríkisins af greininni yrði ráðstafað.

**5. Önnur mál;**

- Rætt um helstu áherslur varðandi *fjárlagatillögur 2015* og yrðu þær í megin dráttum á svipuðum nótum og fjárlagatillögur stofnunarinnar voru fyrir árið 2014.
- Fram kom að mikilvægt sé að unnið verði rökstutt lögfræðilegt mat á því hvernig mörk liggja og hvaða heimildir Vatnajökulspjóðgarður hefur varðandi uppbyggingu á landi við Dettifoss.

**6. Næsti stjórnarfundur** verður 9. apríl á austursvæði.

Fundi lauk kl.13:30